

Bæjarstjórn - 1931

FUNDARBOÐ

**1931. fundur bæjarstjórnar Hafnarfjarðar
verður haldinn í fundarsal bæjarstjórnar Hafnarborg, miðvikudaginn 8.
maí 2024 og hefst kl. 14:00**

Dagskrá:

Almenn erindi

1. 2205659 - Ráð og nefndir 2022 - 2026, kosningar

Breyting á fulltrúa í umhverfis- og framkvæmdaráði:
Pétur Georg Markan fer út
Anna Ingvarsdóttir kt. 060195 2189 Álfaskeiði 104 220

2. 2404305 - Smyrlahraun 41a, breyting á deiliskipulagi

4. liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 11. apríl sl.
Lögð fram tillaga að breytingu á deiliskipulagi. Tillagan gerir ráð fyrir 6 íbúða
íbúðakjarna.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir að auglýsa breytingu á deiliskipulagi
Smyrlahrauns 41a. Tillagan gerir ráð fyrir 6 íbúða íbúðakjarna. Erindinu er vísað
til staðfestingar í bæjarstjórn.

3. 2312398 - Kirkjuvegur 3, deiliskipulag breyting

1. liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 2. maí sl.
Á fundi skipulags- og byggingarráðs Hafnarfjarðar þann 11. janúar 2024 var
samþykkt að grenndarkynna breytingu á deiliskipulagi Vesturbæjar vegna lóða
Kirkjuvegur 3 og 3A. Breytingin er leiðrétting á deiliskipulagi sem felst í því að
skiptingu lóðarinnar milli Kirkjuvegs 3 og 3A er tekin út á uppdrætti. Breyting var
einnig gerð á skilmálatöflu. Málið átti að vera upphaflega í grenndarkynningu frá
16. janúar 2024 til 14. febrúar 2024 en fresti til að skila inn athugasemdum var
framlengt til 26. febrúar 2024. Allir sem fengu grenndarkynninguna voru upplýst
um breytingarnar. Athugasemdir bárust. Lögð fram samantekt athugasemda og
svör auk þess sem lagður er fram uppdráttur þar sem skilmálatöflu er breytt.

Skipulags- og byggingarráð tekur undir svar við athugasemdum og samþykkir
breytingu á deiliskipulagi Vesturbæjar og breytingu á skilmálatöflu vegna
lóðarinnar við Kirkjuveg 3 og vísar til staðfestingar í bæjarstjórn.

4. 2209339 - Djúpgámar

2.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 2. maí sl.

Á fundi skipulags- og byggingarráðs þann 25.1.2024 var umhverfis- og skipulagssviði falið að endurskoða skilmála um djúpgáma á uppbyggingarsvæðum. Lagðir fram edurskoðaðir skilmálar þar sem lagt er til að djúpgámar verði ekki heimilaðir við sérbyli.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir endurskoðaða skilmála vegna djúpgáma og vísar til samþykktar í bæjarstjórn.

5. 2401142 - Reglur um frístundastyrk fyrir íbúa 67 ára og eldri

4. liður úr fundargerð fjölskylduráðs frá 30.apríl sl.
Sviðsstjóri leggur reglur um frístundastyrk 67 ára og eldri fram til afgreiðslu.

Fulltrúar Samfylkingarinnar leggja fram eftirfarandi breytingartillögu við framlagðar reglur um frístundastyrk fyrir íbúa 67 ára og eldri:

2. efnisgrein 2. gr. reglna um frístundastyrk fyrir íbúa 67 ára og eldri verði með eftirfarandi hætti:

Niðurgreiðslur eru tekjutengdar og eru veittar til einstaklinga sem eru með með tekjur samkvæmt skattframtali 2022, að 633.500 kr. á mánuði. Tekjuviðmið taka breytingum árlega miðað við breytingar á vísitölu neysluverð til verðtryggingar.

Greinin er svohljóðandi í drögum sem liggja fyrir fundinum:

Niðurgreiðslur eru tekjutengdar og eru veittar til einstaklinga sem eru með tekjur samkvæmt skattframtali 2022, að 442.912 kr. á mánuði. Tekjuviðmið fyrir hjón er 575.786 kr. á mánuði. Tekjuviðmið taka breytingum árlega miðað við breytingar á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar.

Greinargerð:

Í umsögn Öldungaráðs frá 06.02.2024 kemur fram að ráðið telji viðmiðunarfrjárhæðir vegna frístundastyrks of lágar og telur ráðið að fjöldi umsækjenda á síðasta ári sé til marks um það. Í greinargerð Öldungaráðs sem fylgir fyrrnefndri umsögn kemur fram að þær tekjur sem bærinn miðar við vegna niðurfellingar fasteignagjalda eigi betur við og muni leiða til þess að fleiri muni geta nýtt sér frístundastyrkinn. Fulltrúar Samfylkingarinnar taka undir þessi sjónarmið og leggja því til breytingu í þeim anda við þær reglur sem liggja fyrir fundi Fjölskylduráðs í dag.

Framkomin breytingartillaga er felld þar sem þrír fulltrúar greiða atkvæði gegn tillögunni en tveir fulltrúar Samfylkingar greiða atkvæði með tillögunni.

Fjölskylduráð samþykkir reglur um frístundastyrk fyrir íbúa 67 ára og eldri og vísar þeim til staðfestingar í bæjarstjórn.

Það er ánægjulegt að viðmiðunarupphæð á tekjutengingu frístundastyrksins sé að hækka og ákvæði í nýju reglunum um að tekjuviðmið taki breytingum árlega þar sem miðað er við breytingar á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar.

Fjölskylduráð þakkar öldungarráði fyrir umsögnina og er tillögu um breytingar á tekjutengingu sem er í samræmi við niðurfellingu fasteignagjalda vísað til skoðunar við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2025.

Meirihluti fjölskylduráðs hefur ábyrga fjármálastjórnun að leiðarljósi í allri vinnu og leitast jafnframt ávallt við að halda góðu þjónustustigi.

Fulltrúar Samfylkingarinnar leggja fram eftirfarandi bókun:
Fulltrúar Samfylkingarinnar furða sig á því að meirihluti Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks hafni tillögu Samfylkingarinnar um að færa tekjuviðmið vegna frístundastyrks fyrir íbúa 67 ára og eldri ekki upp til samræmis við tekjuviðmið vegna niðurfellingar fasteignagjalda og í samræmi við umsögn Öldungaráðs frá 6. febrúar sl. Fulltrúar Samfylkingarinnar samþykkja hins vegar reglurnar enda verið að hækka tekjuviðmið sem er skref í rétta átt en tókum hins vegar undir umsögn öldungaráðs og munum fylgja málinu eftir eins og kostur er.

6. 2008329 - Samþykkt um frístundaheimili

4.liður úr fundargerð fræðsluráðs frá 30.apríl sl.

Lögð fram breyting á samþykkt um frístundaheimili.

Fræðsluráð samþykkir fyrir sitt leyti breytingar á reglum frístundaheimila og vísar til frekari samþykktar í bæjarstjórn.

Fulltrúi Samfylkingarinnar leggur fram eftirfarandi bókun. Mikilvægt er að passa vel upp á það að komið verði móts við fólk sem ræður illa við styttingu á opnunartíma frístundaheimila. Ákveðin sveigjanleiki í þarf að vera til staðar fyrir þann hóp.

7. 2208122 - Lóðarverð, skoðun og samanburður

9.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 2.maí sl.

Lögð fram tillaga um afnám byggingarréttargjalds af B-rýmum í gjaldskrá.

Bæjarráð samþykkir að byggingarréttargjald af B-rýmum í gjaldskrá verði afnumið. Vísað til bæjarstjórnar til staðfestingar.

8. 2404482 - Hryggjarás 31, umsókn um lóð

10.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 2.maí sl.

Lögð fram umsókn Fasteignafélagsins klettur ehf. um lóðina nr. 31 við Hryggjarás.

Bæjarráð samþykkir að úthluta lóð n3. 31 við Hryggjarás til Fasteignafélagsins Kletts ehf.

Vísað í bæjarstjórn til staðfestingar.

9. 2404939 - Þéttingareitir, lóðagjöld

Fulltrúar Samfylkingarinnar leggja fram eftirfarandi tillögu:

Bæjarstjórn samþykkir að settur verði á fót starfshópur skipaður þremur kjörnum fulltrúum sem hafi það hlutverk að rýna stöðu lóðagjalda á þéttingarreitum, eins og á Óseyrarbraut og Hraun vestur. Starfshópurinn haldin einnig utan um uppkaupt lóða á Suðurbakka í tengslum við komu Tækniskólans í bæinn. Bæjarráð setji starfshópnum erindisbréf og skipi hópinn.

10. 2209167 - Hamranesskóli

Fulltrúar Samfylkingarinnar leggja fram eftirfarandi tillögu:

Bæjarstjórn samþykkir að skipa byggingarnefnd vegna nýs skóla í Hamranesi. Byggingarnefndin skal halda utan um og stýra hönnun vegna uppbyggingar nýs skóla í Hamranesi. Nefndin skal skipuð þremur kjörnum fulltrúum auk tveggja fulltrúa foreldra og forráðamanna sem Foreldrafélag Hafnarfjarðar tilnefnir. Með byggingarnefndinni skulu starfa sviðsstjóri mennta- og lýðheilsusviðs og væntanlegur skólastjóri Hamranesskóla, þegar hann hefur verið ráðinn. Nefndin skal í störfum sínum viðhafa eins mikið samráð við væntanlega notendur skólans, nemendur, foreldra og forráðamenn og starfsfólk og mögulegt er. Fræðsluráð setji byggingarnefndinni erindisbréf og skipi hana.

Fundargerðir

11. 2401143 - Fundargerðir 2024, til kynningar í bæjarstjórn

Fundargerð fjölskylduráðs frá 30.apríl sl.

Fundargerð umhverfis- og framkvæmdaráðs frá 2. maí sl.

a. Fundargerðir stjórnar Sorpu bs. frá 5.og 19. mars og 9.apríl sl.

b. Fundargerðir stjórnar Strætó bs. frá 11. og 15. mars sl.

Fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 2.maí sl.

Fundargerð bæjarráðs frá 2.maí sl.

a. Fundargerð hafnarstjórnar frá 24.apríl sl.

b. Fundargerð heilbrigðisnefndar Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness frá 29.apríl sl.

c. Fundargerð menningar- og ferðamálanefndar frá 24.apríl sl.

d. Fundargerð 47. eigendafundar Sorpu bs. frá 8. apríl sl.

e. Fundargerð stjórnar SSH frá 22.apríl sl.

f. Fundargerð stjórnar Strætó bs. frá 5. apríl sl.

Fundargerð fræðsluráðs frá 30.apríl sl.

Fundargerð forsetanefndar frá 6.maí sl.

Áætlanir og ársreikningar

12. 2401113 - Ársreikningur Hafnarfjarðarkaupstaðar 2023 og fyrirtækja hans, siðari umræða

10. liður úr fundargerð bæjarstjórnar frá 24. apríl sl.

Ársreikningur lagður fram til fyrri umræðu.

Til máls tekur Rósa Guðbjartsdóttir.

Einnig Guðmundur Árni Stefánsson sem kemur jafnframt að svohljóðandi bókun:

Ársreikningur Hafnarfjarðarbæjar fyrir árið 2023 sýnir glögg að viðvörunarorð jafnaðarmanna á umliðnum misserum um lausatök við stjórn bæjarins hafa átt við rök að styðjast. Lántökur aukast umtalsvert milli ára og skuldir bæjarsjóðs hækka um 4,7 milljarða króna milli ára og eru nú samtals með lífeyrisskuldbindingum meira en 70 milljarðar króna. Þessi skuldaukning er staðreynd, þrátt fyrir að tekjur af útsvari og fasteignasköttum hækki um meira en milljarð umfram viðmið fjárhagsáætlunar, framlög jöfnunarsjóðs hækki um 550 milljónir og rekstrartekjur samtals hækki um heila fimm milljarðar króna milli ársreikninga.

Ennfremur liggur fyrir að bæjarsjóður hefur þegar innheimt lóðagjöld fyrirfram

upp á rúma, 2,6 milljarðar króna, einkum vegna lóðaúthlutanna. Það eru eins skiptist tekjur.

Rekstrarkostnaður hefur ennfremur hækkað um þrjá milljarða króna milli ára. Þetta leiðir til þess að varanleg fjárfesting, framkvæmdir við uppbyggingu innviða, svo sem skóla, leikskóla, íþróttamannvirkja og fleira, eru öll fjármögðuð með lánsfé.

En þrátt fyrir þessar stórauðni tekjur, þá eru enn til staðar stórverkefni sem við blasa, sem lítið hafa hreyfst fram á við. Nýr skóli í Hamranesi er ennþá í stoppi á fjárhagsárinu og lítið frést af því verkefni á yfirstandandi ári, enda nú gripíð til neyðarráðstafana á Völlunum með stórfelldum tilflutningi nemenda. Þá er ljóst að framundan eru milljarðar útgjöld vegna lóða og eignakaupa, svo unnt sé að halda áfram undirbúningi að byggingu nýs Tækniskóla. Nýtt bókasafna er einnig í burðarliðnum á komandi ári. Fleiri verkefni eru brýn.

Það er enda staðreynd að fjárfestingar á árinu 2023 voru í lágmarki og innviðauppbygging í engu samræmi við þörf. Varanlegar fjárfestingar voru eingöngu um 3,7 milljarðar króna á reikningsárinu og þar af um helmingur í eitt verkefni; knatthús á Völlum. Það er ljóst að stórverkefnum er ýtt inn í framtíðina - að miklu leyti ófjármögðuðum.

Bæjarfulltrúar Samfylkingarinnar munu gera nánar grein fyrir afstöðu sinni við síðari umræðu við ársreikning Hafnarfjarðarbæjar vegna ársins 2023.

Þá tekur Jón Ingi Hákonarson til máls og leggur fram svohljóðandi bókun:

Grunnrekstur bæjarins er enn ósjálfbær um 1,7 milljarða. Enn og aftur freistast meirihlutinn til þess að tekjufæra gatnagerðargjöld upp á tæplega 2 milljarða. Reksturinn er því neikvæður um 1.750.000. Það er ekki 250 milljóna afgangur af grunnrekstrinum. Reksturinn gekk því vel á blaði en ekki í raunveruleikanum. Hallinn er falinn með bókhaldsbrellum enn eitt árið, bókhaldslegar fegrunaraðgerðir eru því orðin regla en ekki undantekning. Bakfærslur í sjóðsstreymi sýnir að gatnagerðargjöld eiga ekki heima í rekstrarreikningi, enda er 11 gr reglugerðar um ársreikninga sveitarfélaga er skýr, ekki á að tekjufæra gatnagerðargjöld.

Aftur á móti sést í sjóðstreyminu þegar bakfærslur hafa átt sér stað að greiða þurfti ríflega 800 milljónir með rekstrinum. Handbært fé til rekstrar segir til um það og þegar afborganir lána og vexta eru tekin með er hallarekstur bæjarins rúmlega 3 milljarðar. Nýjar lántökur voru 3,5 milljarðar og því er ljóst að ný lán voru tekin til að greiða fyrir hallareksturinn og afborganir lán. Slík niðurstaða á ekkert skylt við ábyrga fjármálastjórn og hvað þá síður árangur í rekstri. Hallarekstur bæjarins er því niðurgreiddur af húsbyggjendum í Hafnarfirði samkvæmt rekstrarreikningi.

Rósa Guðbjartsdóttir kemur að svohljóðandi bókun:

Rekstur Hafnarfjarðarbæjar gekk vel á síðasta ári þrátt fyrir krefjandi árferði í rekstri sveitarfélaga. Það er ánægjulegt að sjá að skuldaviðmið bæjarins heldur áfram að lækka, fer úr 85% í 82% og er því umtalsvert undir því 150% viðmiði sem eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga setur og er nú svo komið að fjárhagsstaða bæjarins hefur ekki verið betri í áratugi. Á meðal merkja um bættan rekstur má nefna að veltufé frá rekstri var verulega yfir áætlunum sem styrkir getu sveitarfélagsins til þess að standa undir framkvæmdum og fjárskuldbindingum og laun- og launatengd gjöld lækka hlutfallslega milli ára. Samhliða blómlegum rekstri voru innviðafjárfestingar auknar verulega í fyrra sem munu skila sér í öflugri þjónustu og betri lífsgæðum fyrir bæjarbúa. Þá nýtur bærinn nú góðs af mikilli uppbyggingu íbúða- og atvinnuhúsnæðis á

undanförnum árum í auknum fasteignagjöldum. Jafnframt hefur verið lögð áhersla á að halda álögum á íbúa niðri og heldur hlutfall útsvars og fasteignaskatta af heildartekjum áfram að lækka.

Samþykkt samhljóða að vísa framlögðum ársreikningi til síðari umræðu í bæjarstjórn.

13. 2208236 - Bæjarstjórn, starfsumhverfi 2022-2026

Næsti fundur bæjarstjórnar 21. maí nk.

06.05.2024

Rósa Guðbjartsdóttir bæjarstjóri